

Formannafundur HSH

Haldinn þriðjudaginn 20.febrúar kl. 17.00 á Hótel Snæfellsnesi.

Fundinn sátu: Laufey Bjarnadóttir, HSH /ÍM, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson HSH /Snæfell, Garðar Svansson, HSH /GVG, Karen Björg Gestsdóttir, Eldborg, Margrét Eva Einarsdóttir, V/R Tinna Ýr Gunnarsdóttir, V/R Sunna, UMFSt, Kristfríður Stefánsdóttir, HSH, Gunnhildur Gunnarsdóttir, HSH, Herborg Sigríður Sigurðardóttir, Snæfelling, Haukur Þórðarson, GST, Arnar Geir Ævarsson, Skotfélagi Snæfellsness

Fundargerð ritaði: Gunnhildur Gunnarsdóttir

Dagskrá

1. Aðalfundir aðildarféлага

- a. *Samkvæmt lögum HSH eiga aðildarfélög að vera búin að skila inn starfskýrslu 15. janúar. Á næsta þingi HSH verður lögð fram tillaga um lagabreytingu þar sem lögð verður sú skylda á aðildarfélög HSH að þau haldi aðalfundi sína fyrir 15. mars ár hvert. Þing HSH skal haldið fyrir 15. apríl ár hvert og því nauðsynlegt að gögn sem eiga að skilast inn fyrir aðalfund HSH sé skilað innan tímamarka.*

2. Samþykktir ársreikningar

- a. *Stjórnir aðildarféлага skila árituðu eintaki til HSH að aðalfundi loknum. Stjórn og skoðunarmenn skulu undirrita ársreikningana. Ef aðildarfélög eru ekki búin að halda aðalfundi fyrir 15.mars í ár þá skal skilað inn undirrituðum ársreikningum með fyrirvara um samþykkt aðalfundar.*
- b. *Kom fram að útsent ársreikningaform sé ekki gott m.t.t. útprentunar. Stjórn og framkvæmdarstjóri skoða það.*

3. Ársskýrslu- og ársreikninga skapalón.

- a. *Jafnframt verður sú krafa á aðildarfélagin að Starfsskýrslu verði skilað til HSH eigi síðar en 15 mars ár hvert. HSH hefur sent skapalón / hugmynd að uppsetningu á Ársskýrslu – og ársreikninga. Skapalónið er verkefni til þess að vinnan verði markvissari og að öll aðildarfélög HSH vinni eftir sömu viðmiðum. Ekki alveg ástæðulaust að lagt er upp úr að vandaðri vinnubrögð séu viðhöfð við skýrslu og ársreikningagerð. Fjárdráttur hefur átt sér stað hjá íþróttafélögum í kringum okkur og því auðveldar ársreikningaformið stjórnarfólki og öðrum að fylgjast betur með.*

4. Starfsskýrsluskil

- a. *Félagatali þarf að skila inn í skilakerfi ÍSÍ fyrir 15.apríl. Minnum á að skila líka inn almennum félögum en ekki bara iðkendum. Þetta hefur áhrif á lottógreiðslur, fjölda sæta á þingi hjá UMFÍ, ÍSÍ og þess háttar. Ábending um að hægt er að sækja fyrri skráningu í Felix og færa það yfir í sportabler.*
- b. *Garðar Svansson mun fyrir hönd stjórnar ásamt framkvæmdarstjóra taka að sér að athuga hvort hægt sé að halda sportabler námskeið fyrir formenn og stjórnarfolk félaganna.*

5. Lottógreiðslur – Arðgreiðslur

- a. *Lottó úthlutun lögð fram. Stjórn ákveður að greiða Víking/Reyni sameiginlegt lottó þar sem félögin eru rekin á sömu kennitölu. Gjaldkeri á ekki von á því að þessar tölur muni breytast fyrir þingið. Óskað er eftir ábendingum um félagatölur til leiðréttingar.*
- b. *Auka arðgreiðslur eru greiddar héraðinu frá ÍSÍ og UMFÍ. HSH greiðir út eftir sama útreikningi og lottótölnar en arðgreiðslurnar skiptast að fullu milli aðildarfélaganna.*
- c. *Stjórn leggur fram tillögu á þinginu þann 11.apríl að hagnaður af Landsmóti UMFÍ 50+ muni skiptast jafnt á milli aðildarfélaganna óháð stærð þeirra.*
- d. *Lottótölur og arðgreiðslur verða lagðar fyrir þingið. Lottó og arðgreiðslur verða greiddar samkvæmt samþykktum þingsins að því loknu. HSH mun greiða rúmar 9.000.000 til aðildarfélaganna.*

6. Fyrirmyndarhérað/fyrirmyndarfélag

- a. *HSH mun vinna að og sækja um að gerast fyrirmyndarhérað. Hvatningartillaga til félaganna að fara í það að sækja um fyrirmyndarfélag.*
- b. *Hugmynd frá Garðari að fá Viðar Sigurjónsson til þess að koma á þingið og fara yfir fyrirmyndarhérað/félag.*

7. Tillögur fyrir sambandsþing

- a. *Tillögur sem lagðar verða fyrir þing eru hefðbundnar hvatningar- og þakkartillögur. Stjórn HSH hvetur félög til þess að koma með tillögur á þingið en þær þurfa að berast HSH rafrænt fyrir 27.mars.*

8. Breyting á lögum HSH – til upplýsinga

- a. Vinna að breytingum á lögum HSH er byrjuð. Lögum héraðsins var síðast breytt árið 2010, kominn tími á að endurskoða og breyta miðað við tíðarandann. Framkvæmdarstjóri sér um þetta verkefni ásamt stjórn HSH. Breytingartillögur verða sendar á formenn aðildarfélaga með fyrsta þingboði.
9. Önnur mál
- a. Tilnefningar til heiðursviðurkenninga hjá ÍSÍ og UMFÍ.
- i. Stjórn HSH hvetur aðildarfélögin til þess að tilnefna sjálfbodaliða innan þeirra starfa til heiðursviðurkenninga. Aðildarfélögin fá tækifæri til þess að veita sínu fólki viðurkenningar. Oftar en ekki er verið að heiðra fólk of seint.
- b. Hönnun á gull- og silfurmerki HSH er í gangi.
- c. Heimasíðugerð og fréttir.
- i. Heimasíðugerð er í gangi en framkvæmdarstjóri hvetur aðildarfélögin til þess að vera dugleg að senda fréttir sem HSH getur deilt áfram á facebook síðu HSH.

Fundi slitið kl. 18.17

Gunnhildur Gunnarsdóttir